


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>BVHR3VT03 Hreyflar viðgerðartækni</b> <b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Bragi Finnbogason	<b>Sk.st.</b>	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

### Afangalýsing:

Fjallað er um almennar kröfur og kröfur framleiðenda um viðgerðartækni. Farið er yfir verkfæri og tæki sem notuð eru til vélaviðgerða, notkun þeirra og meðferð. Skoðun og mæling á einstökum vélahlutum til að meta ástand þeirra, m.a. slit, áverka og sprungur. Verkefni um ákvörðun ventlatíma. **Forkröfur BVHR3BV02**

### Markmið:

**Þekkingarviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Reglum sem gilda um hreinlæti og skipulag vinnu við vélbúnað hreyfla. Almennum kröfum og kröfum framleiðenda um viðgerðartækni. Verkfærum og tækjum sem notuð eru til vélaviðgerða, notkun þeirra og meðferð. Skoðun og mælingu á einstökum vélahlutum til að meta ástand þeirra, m.a. slit, áverka og sprungur.


**Leikniviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Mæla og meta ástand hreyflibúnaðar. Yfirfara kerfi sem tengjast hreyflinum: kælikerfi, loftinntakskerfi og útblásturskerfi. Taka strokklok af hreyfli og setja það á aftur samkvæmt fyrirmælum framleiðanda. Yfirfara ventlabúnað og gera nauðsynlegar athuganir og viðgerðir þessa búnaðar og setja íhluti hans aftur í hreyflinn.

**Hæfniviðmið:** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: Skipta um legur og þétti á sveifarási. Skipta um íhluti hreyfla. Skoða og stilla ventlatíma. Skipta um slífar og stimpla í dísilhreyfli (og ottóhreyfli) og gera þær mælingar og stillingar sem þar eiga við. Gera mælingar og athuganir sem við á til mats á ástandi sveifarbúnaðar hreyfla. Gera við vélbúnað brunahreyfla (ottó og dísil): dælur, kæla, síur, greinar, röralagnir o.fl. þ.h.

### Námsgögn:

Modern Automotive Technology 2. útg. 2014  
Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.  
Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004.  
Námsefni og verkefni á Moodle.  
Námsefni kennara.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>BVHR3VT03 Hreyflar viðgerðartækni Námsáætlun haustönn 2019</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
------------------	---	--	---------------------------------------

**Áætlun um yfirferð:**
**Námsmat og vægi námsþátta:**


Vika	Lesefni fjallar aðallega um.	Dagar	Síðasti skiladagur.	Vægi
46 47	Fjallað er um almennar kröfur og kröfur framleiðenda um viðgerðartækni.		Sjónrænt mat á hreyflinum sem nemendur vinna við.	10%
46 47	Farið er yfir verkfæri og tæki sem notuð eru til vélaviðgerða, notkun þeirra og meðferð.		Nemendur geri athugun á hvort hlutar vélarinnar séu undnir eða bognir.	10%
46 47	Skoðun og mæling á einstökum vélahlutum til að meta ástand þeirra, m.a. slit, áverka og sprungur.		Nemendur geri mælingar á sliti og skrái niðurstöður mælinga ásamt uppgefnum málum og hvar þau eru fengin.	15%
46 47	Verkefni um ákvörðun ventlatíma.		Nemendur geri mælingar á slífum, stimplum, olíudælu og tengdum búnaði og skrái niðurstöður hennar ásamt uppgefnum málum og hvar þau eru fengin.	15%
46 47			Nemendur geri mælingar á sveifarás og tengdum búnaði og skrái niðurstöður hennar ásamt uppgefnum málum og hvar þau eru fengin.	15%
46 47			Nemendur geri samantekt á niðurstöðum athuganna sinna, meti hvort hægt er að endurnýta þá hluti sem þeir hafa mælt og skrá yfir heimildir.	20%
46 47			Skipulag, framsetning og stíll, hreinlæti og vinnubrögð.	15%
47			Einkunn	100%

Til að ljúka áfanganum þarf nemandi að ná að lágmarki 40% árangri í hverjum námsþætti og heildar - einkunn 45% að lágmarki. Ef um upptöku vegna of lágrar einkunnar er að ræða verður einkunn þess námsþátta aldrei hærri en 50% einkunnar þess matsþátta. Ekki er tekið við verkefnum sem er skilað eftir að skilafresti lýkur.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 11.09.2019

  
Undirritun kefnara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils